

Í pistlunum Úr penna stjórnarmanna Lí birta þeir eigin skoðanir en ekki félagsins.

Eins og barn á jólnum

Mig grunar að fæst okkar hafi séð fyrir hversu hröð og öflug innreið gervigreindarinnar í líf okkar hefur reynst. Mörg erum við eins og börn á jólnum, heltekin af jólagjöf ársins, og beitum henni á öllum mögulega sviðum lífsins af mikilli áfergju, en oft án sérstakrar umhugsunar. Þetta er að sjálfsgöðu skiljanlegt enda um gjörbyltingu að ræða – en þeim mun frekar er þó ástæða til að staldra við og velta fyrir sér í hvaða tilvikum notkunin er viðeigandi, hjálpleg og örugg og í hvaða tilvikum hún er það mögulega ekki.

Þetta er sérstaklega mikilvægt þegar kemur að notkun gervigreindar í heilbrigðisþjónustu. Á því sviði er auðvelt að falla í ýmsar gryfjur ef fólk fer fram úr sjálfu sér í gleðinni yfir nýja „leikfanginu“ sem á að leysa öll heimsins vandamál. Þann 21. apríl síðastliðinn birtist í tímaritinu *Nature Medicine* ritstjórnargrein þar sem varað er við hættunni af því að innleiða gervigreindarlausnir í heilbrigðisþjónustu án þess að nægilegar sannanir um klíniska gagnsemi liggi fyrir.¹ Eins og bent er á í greininni hefur notkun gervigreindar í heilbrigðisþjónustu aukist mikið undanfarið en á sama tíma er enn sem komið er fátt um rannsóknir sem styðja að notkun hennar skapi aukið virði fyrir sjúklinga og heilbrigðisstarfsfólk. Hér er augljóslega ástæða til að staldra við og vanda til verka. Mikilvægt er að gerðar verði sambærilegar kröfur til þróunar gervigreindarlausna og til annarra þátta í greiningu og meðferð sjúklinga, meðal annars lyfja, inngrípa,

rannsóknna á lífsýnum og annarrar heilbrigðistækni.

Sé slegið af slíkum kröfum skapast hætta á að treyst sé á gervigreindina um of og hún ofnotuð, sem getur leitt af sér skerta hæfni heilbrigðisstarfsfólks í klínískri vinnu – eins og áramótaskaupið síðasta tók svo skemmtilega á. Ómarkviss notkun gervigreindarinnar getur líka skapað óvissu varðandi hver þer raunverulega ábyrgð á ákvörðunum sem eru teknar, valdið hættu á ofgreiningum og ranggreiningum, flækt verkferla og minnkað skilvirkni og dregið um of úr mannlega þættinum í þjónustu heilbrigðiskerfisins. Eins er hætta á skekkjum í niðurstöðum gervigreindarinnar ef skekkja er í gögnunum sem hún byggir á, til dæmis gagnvart ákveðnum kynjum, kynþáttum eða aldurshópum.

Allt eru þetta atriði sem hægt er að leysa ef staðlaðar vísindalegar kröfur eru gerðar við innleiðingu gervigreindar í heilbrigðisþjónustu og fólk gætir þess að nota ekki nýja leikfangið í blindni á allt sem því dettur í hug. Ákveðnar blikur eru þó á lofti um að svo gæti verið hérlandis. Könnun Hagstofu Íslands frá því í mars 2026 leiddi í ljós að helmingur fyrirtækja hér á landi notar gervigreindar-

Á því sviði er auðvelt að falla í ýmsar gryfjur ef fólk fer fram úr sjálfu sér í gleðinni yfir nýja „leikfanginu“ sem á að leysa öll heimsins vandamál.



Steinunn Þórðardóttir
formaður Læknafélags Íslands

tækni í störfum sínum. Mun færri geta tilgreint sérstaklega í hvaða verkefni tæknin er notuð og enn færri (14%) hafa mótað formlega stefnu um notkun hennar. Stéttarfélagið Viska gerði svipaða könnun í vor þar sem fram kom að 80% sérfræðinga nota gervigreind í störfum sínum, aðallega ChatGTP, en einungis 34% höfðu fengið fræðslu á vinnustaðnum um rétta notkun hennar. Hvorug þessara kannana beindist sérstaklega að heilbrigðisstarfsfólki, en ekki er ástæða til að ætla að veruleikinn innan heilbrigðisþjónustunnar sé öðruvísi en annars staðar.

Það er því rétt að staldra við og ganga hægt um gleðinnar dyr. Allar líkur eru á að gervigreindin muni gjörbylta heilbrigðisþjónustunni til framtíðar og stórefla möguleika lækna og annars heilbrigðisstarfsfólks á að veita framúrskarandi einstaklingsmiðaða þjónustu. Mikilvægt er að vanda til verka í þeirri vegferð frá upphafi, nálgast innleiðingu gervigreindarinnar á kerfisbundinn hátt og gæta þessa að viðhalda þeim ströngu kröfum sem við þekkjum á öðrum sviðum þróunar heilbrigðisþjónustu.

Heimild

1. Show us the evidence for the value of medical AI. *Nat Med* 32, 1163 (2026) – maí 2026.



Stjórn Læknafélags Íslands Steinunn Þórðardóttir formaður Félag almennra lækna Hjördís Ásta Guðmundsdóttir, Brynja Kristín Einarsdóttir
Félag íslenskra heimilistækna Gunnar Þór Geirsson, Oddur Steinarsson Félag sjúkrahústækna Hildur Jónsdóttir, Jóhanna Guðrún Pálmadóttir
Læknafélag Reykjavíkur Ragnar Freyr Ingvarsson, Katrín Ragna Kemp